

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2009 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri neikvætt um 4,9 ma.kr., sem er 42,6 milljörðum lakari útkoma en á sama tímabili í fyrra. Tekjur reyndust um 6,4 ma.kr. lægri en í fyrra á meðan að gjöldin hækka um 32,1 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-mars 2005-2009

	Í milljónum króna				
	2005	2006	2007	2008	2009
Innheimtar tekjur	79.449	99.707	118.420	128.597	122.177
Greidd gjöld	70.255	73.891	85.628	91.129	123.232
Tekjujöfnuður	9.194	25.816	32.792	37.468	-1.055
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	108	-2.730	-2.434	295	-3.823
Handbært fé frá rekstri	9.301	23.086	30.357	37.763	-4.878
Fjármunahreyfingar	6.210	-2.529	-32.020	-2.306	4.814
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	15.511	20.557	-1.663	35.457	-64
Afborganir lána	-11.404	-9.096	-31.921	-808	-1.339
Innanlands	-2.220	-9.096	-20.810	-704	-1.339
Erlendis	-9.184	-	-11.111	-104	0
Greiðslur til LSR og LH	-850	-990	-990	-990	0
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	3.257	10.471	-34.574	33.659	-1.403
Lántökur	1.094	1.532	43.753	-322	36.880
Innanlands	-3.831	1.532	39.362	-322	30.403
Erlendis	4.925	-	4.391	-	6.477
Breyting á handbæru fé	4.351	12.003	9.180	33.337	35.477

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi 2009 voru 122 ma.kr. sem er um 6 ma.kr. lægri tekjur en á sama tíma árið 2008. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu um 130 ma.kr. og er frávikið því um 8 ma.kr. Munar þar mest um lægri skatta á vöru og þjónustu en gert var ráð fyrir í áætluninni. Skatttekjur og tryggingagjöld námu tæplega 107 ma.kr. og drógust saman um 10,9% að nafnvirði og um 26,1% að raunvirði miðað við hækkun almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Þá jukust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs á fyrstu þremur mánuðum ársins frá sama tíma 2008 en þar munar mest um hærri vaxtatekjur.

Skattar á tekjur og hagnað námu tæplega 55 ma.kr. sem er 0,6% aukning að nafnvirði frá fyrsta ársfjórðungi 2008. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 23 ma.kr. (samdráttur um

1,3%), tekjuskattur lögaðila um 4 ma.kr. (samdráttur um 20,1%) og fjármagnstekjuskattur 28 ma.kr. (aukning um 6%). Innheimta eignarskatta var rúmlega milljarður króna og dróst saman um 39,8%, þar af námu stimpilgjöld um 0,9 ma.kr. og drógust þau saman um 51% frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta nam um 39 ma.kr. á fyrsta fjórðungi ársins og dróst saman um 11 ma.kr. frá sama tíma í fyrra eða um 35,1% að raunvirði (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Raunlækkunin á milli ára hefur verið mjög mikil frá ársbyrjun 2008 eins og sjá má á myndinni. Þar er sýnt 4 mánaða meðaltal og er samdrátturinn nú 34,8%. Virðisaukaskattur, sem er stærsti hluti veltuskattanna, nam um 28 ma.kr. á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við rúmlega 34 ma.kr. á sama tíma árið 2008. Það er samdráttur upp á 18,4% að nafnvirði og 32,3% að raunvirði. Virðisaukaskattur í marsmánuði einum dróst saman um 37,4% frá sama mánuði í fyrra en hann kemur af innflutningi fyrir mánuðina janúar og febrúar. Frávikid frá fyrra ári skýrist þó að hluta til af áhrifum breyttra reglna um gjalddaga skattsins sem tóku gildi í mars og gilda til ársloka. Aðeins þriðjungur virðisaukaskatts fyrir tímabilið janúar-febrúar var nú á gjalddaga þann 15. mars og hinir tveir þriðjungarnir í apríl og maí. Það virðast ekki allir hafa nýtt sér þessa breytingu en um 1,4 ma.kr. koma til greiðslu í apríl og maí sem annars hefðu komið til greiðslu í mars. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu rúmum milljarði króna og tekjur af tryggingagjöldum voru ríflega 9 ma.kr. sem er samdráttur um annars vegar 37,2% og hins vegar 8,5% á milli ára.



Greidd gjöld nema 123,2 ma.kr. og hækka um 32,1 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 35,2%. Milli ára hækka útgjöld mest til almennrar opinberrar þjónustu um 15,8 ma.kr., þar sem vaxtagreiðslur rikissjóðs skýra 14,3 ma.kr. Þá hækka útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála um 9,4 ma.kr. sem skýrist að mestu með 5,3 ma.kr. hækkun útgjalda atvinnuleysisstryggingasjóðs á milli ára og 1,9 ma.kr. vegna útgjalda lífeyristrygginga sem

hækka um 18,7%. Útgjöld til heilbrigðismála aukast um 3,3 ma.kr. milli ára þar sem útgjöld til sjúkratrygginga skýra 1,9 ma.kr. og útgjöld til Landspítala aukast um rúmar 800 milljónir. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála aukast um 2,7 ma.kr. og skýra framkvæmdir Vegagerðarinnar um 1,3 ma.kr. aukningu milli ára. Útgjöld til menntamála aukast um 1,4 ma.kr. þar sem útgjöld til Lánasjóðs íslenskra námsmanna aukast um tæpar 500 m.kr. milli ára. Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála lækka um 1,2 ma.kr. milli ára. Breytingar í öðrum málaflokkum eru minni en þau sem áður hafa verið talin. Útgjöldin eru 3,2 ma.kr. innan áætlunar og skýrist það að mestu af því að framkvæmdir í samgöngumálum og annarri fjárfestingu fara hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs er neikvæður um 1,4 ma.kr. í mars á móti jákvæðum lánsfjárfjöfnuði 33,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 64 milljónir króna og lækkar um 35,5 ma.kr. milli ára sem skýrist með lækkun á handbæru fé frá rekstri. Frá áramótum hefur ríkissjóður selt ríkisbréf fyrir um 44 ma.kr. og lækkað stofn ríkisvixla um 3,6 ma.kr. Þá tók ríkissjóður lán frá Færeypjum í mars að fjárhæð 300 milljónir danskra króna, jafnvirði 6,4 milljarða íslenskra króna. Á móti námu afborganir 1,3 ma.kr. sem skiptist jafnt á milli spariskirteina og annarra lána ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009
Skatttekjur og tryggingagjöld	111.812	119.556	106.527	18,2	6,9	-10,9
Skattar á tekjur og hagnað	49.294	54.407	54.730	20,2	10,4	0,6
Tekjuskattur einstaklinga	22.968	23.110	22.807	17,2	0,6	-1,3
Tekjuskattur lögaðila	5.369	4.754	3.798	-28,2	-11,5	-20,1
Skattur á fjármagnstekjur	20.957	26.543	28.125	50,4	26,7	6,0
Eignarskattar	2.713	2.279	1.371	-10,5	-16,0	-39,8
Skattar á vöru og þjónustu	48.276	50.158	39.227	18,7	3,9	-21,8
Virðisaukaskattur	35.000	34.449	28.119	27,2	-1,6	-18,4
Vörugjöld af ökutækjum	1.809	3.193	298	-32,4	76,5	-90,7
Vörugjöld af bensíni	2.218	2.079	2.160	-2,7	-6,3	3,9
Skattar á olíu	1.865	2.006	1.740	14,4	7,6	-13,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	2.592	2.744	2.716	4,1	5,9	-1,0
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	4.792	5.687	4.196	17,0	18,7	-26,2
Tollar og aðflutningsgjöld	1.387	1.900	1.194	62,4	37,0	-37,2
Aðrir skattar	259	552	613	48,7	113,0	11,2
Tryggingagjöld	9.884	10.260	9.391	11,7	3,8	-8,5
Fjárframlög	205	83	29	-6,7	-59,5	-64,7
Aðrar tekjur	6.683	7.723	15.362	37,0	15,6	98,9
Sala eigna	501	1.234	259	-	-	1,0
Tekjur alls	119.201	128.597	122.177	19,6	7,9	-5,0

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2007	2008	2009	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	11.332	9.659	25.469	-14,8	163,7
Þar af vaxtagreiðslur	3.502	659	14.957	-81,2	2.169,1
Varnarmál	158	406	385	156,0	-5,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	4.143	5.273	4.034	27,3	-23,5
Efnahags- og atvinnumál	11.384	12.137	14.858	6,6	22,4
Umhverfisvernd	860	827	846	-3,9	2,3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	114	130	40	14,3	-69,3
Heilbrigðismál	21.666	23.803	27.062	9,9	13,7
Menningar- íþróttá- og trúmál	4.378	4.867	4.990	11,2	2,5
Menntamál	10.525	11.982	13.343	13,8	11,4
Almannatryggingar og velferðarmál	19.249	20.104	29.454	4,4	46,5
Óregluleg útgjöld	1.814	1.941	2.751	7,0	41,8
Gjöld alls	85.623	91.129	123.232	6,4	35,2